



Lúxemborg 7. apríl 2006

Fréttatilkynning 5/2006

Dómur í máli E-9/04 *Samtök banka og verðbréfafyrirtækja gegn Eftirlitsstofnun EFTA*

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum við ríkisaðstoð til Íbúðalánasjóðs dæmd ógild vegna formgalla.

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli á sviði ríkisaðstoðar sem höfðað var af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja til ógildingar á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Ákvörðun ESA dags. 11. ágúst 2004, sem tekin var að lokinni forathugun, byggði á því að ríkisaðstoð til handa Íbúðalánasjóði, m.a. í formi ríkisábyrgðar, væri samrýmanleg 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins þar sem hlutverk Íbúðalánasjóðs, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998, væri m.a. að veita þjónustu er hefði almenna efnahagslega þýðingu.

Þessi ákvörðun ESA var dæmd ógild með dómi EFTA-dómstólsins í dag. Byggir dómurinn á því að umrædd ákvörðun hafi verið haldin formgalla þar sem vafi hafi leikið á því að mati dómsins hvort að ríkisaðstoðin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins sbr. 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Vegna þessa vafa hafi ekki verið rétt að taka ákvörðun að lokinni forathugun heldur hafi átt að hefja formlega rannsókn skv. 2. mgr. 1. gr. I. hluta sömu bókunar.

Í úrlausn dómsins kemur nánar tiltekið fram að þjónusta sem sé ætlað að ná þeim markmiðum sem hinum svonefndu almennu lánum Íbúðalánasjóðs sé ætlað að ná geti haft almenna efnahagslega þýðingu sem réttlætt geti ríkisaðstoð. Hins vegar hafi leikið vafi á því hvort að einstakir þættir hins almenna lánakerfis, samrýmdust framkvæmd EES-samningsins. Bendir dómstóllinn sérstaklega á það að ekkert ákvæði í húsnæðislöggjöfinni hafi takmarkað stærð eða verð íbúðarhúsnæðis sem fjármagnað var með almennum lánum. Þá væru hin almennu lán ekki takmörkuð við það að lántakandi fjármagni eigið íbúðarhúsnæði. Ennfremur taldi dómstóllinn vafa leika á því hvort að afmörkun ESA á því hvað teldist til viðeigandi markaðar uppfyllti skilyrði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins um að þróun viðskipta megi ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðila.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.